AUGLÝSING

um breytingu á aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Hinn 9. mars 1984 var undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland þar sem kveðið er á um breytingu á niðurstöðu viðræðna frá 20. mars 1976, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1976, 2/1979 og 3/1981.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. mars 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Dagana 11. og 12. janúar og 8. og 9. mars 1984 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um niðurstöðu viðræðna um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland frá 20. mars 1976, eins og henni var breytt 10. janúar 1979 og 13. janúar 1981. Samkomulag varð um að í stað þess að fyrirkomulagið falli niður 13. júní 1984 verði sú breyting á almennum ákvæðum niðurstöðunnar að í lok fyrstu málsgreinar þeirra bætist við eftirfarandi orðalag:

„Íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla færeyskra skipa, þ. á m. þorskafla, ár hvert, að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja og með tilliti til ástands viðkomandi fiskstofna og annarra aðstæðna sem máli skipta fyrir báða aðila."

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Geir Hallgrímsson
Halldór Ásgrímsson

PROTOKOLL

um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland.

Í dögunum 11. og 12. januar og 8. og 9. mars 1984 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyri Ríkisstjórn Íslands og Föroya Landsstýri um niðurstöðuna av samráðingunum um atgongd föroyinga til fiskiveiðu við Ísland frá 20. mars 1976 sum broytt 10. januar 1979 og 13. januar 1981. Semja varð um, at ið staðin fyri at lata galdandi skipan detta niðurfyri 13. juni 1984 skal tann broyting gerast i almennu reglunum í niðurstöðunum at skoytt verður upp í fyrstu grein:

„Íslendskir myndugleikar áseta mest loyvdu veiðinögd, m.a. fyri tosk, hjá föroyskum skipum hvört ár, eftir samráðingar við Föroya Landsstýri og havandi í huga stöðuna hjá viðkomandi fiskastovnum eins væl og onnur viðurskifti av týdningi fyri báðar partar."

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Arnfinn Karlsberg